
Grein: Árni Johnsen

Myndir: Emília Björnsdóttir

Maður manneskjunnar gegn alhyggjufæribandinu

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á steinþrykksmyndum þýzka listamannsins Von A. Paul Weber, en ádeiluteikningar hans með ívafi skops eru kunnar um alla Evrópu og reyndar skipar hann sér á bekk með beztu teiknurum heims á þeim vettvangi. Weber er á níræðisaldri og hefur ávallt haldið sínu striki þótt hann hafi verið kallaður óvinur kerfisins. Hann hefur með teikningum sínum verið beitt vopn gegn mannskemmdum og landskemmdum og hann hefur látið hafa það eftir sér að versti óvinur mannsins sé heimskan annars vegar og of margt fólk hins vegar. Sýningin sem er á vegum Þýzka bókasafnsins og Íslenzka grafíkfélagsins, mun standa yfir til 12. júlí en hundruð mynda eru á sýningunni.

Upphafsmaður að syningunni á Kjarvalsstöðum er þýzki líffræðingurinn dr. G.H. Schwabe, sem mörgum Íslendingum er að góðu kunnur fyrir störf sín á Íslandi og vináttu við land og þjóð, en Schwabe talar íslenzku reiprennandi. Schwabe hitti ég fyrst í Surtsey er hann kom þangað til vísindarannsókna en um langt árabil hefur hann heimsótt landið sem hann telur eins og sitt heimaland. Að baki því liggja ýmsar ástæður og það rifjuðum við upp þegar ég bað hann að rabba við mig um sýningu Webers á Kjarvalsstöðum, en hann og listamaðurinn eru góðir vinir.



Dr. Schwabe við mynd Webers, síðasti sérvitringurinn; maðurinn sem býr við sitt í allri eyðileggingunni í kring.

„ÞÁ VARÐ ÉG SKOTINN Í ÍSLANDI“

Schwabe kom fyrst til Íslands í ágúst 1930 á þýzkum togara. Það fyrsta sem hann sá af landinu var Vatnajökull úr þriggja mílna fjarlægð frá ströndinni. „Þá varð ég skotinn í Íslandi,“ sagði Schwabe á lýtalausri íslenzku. Ekki komst Schwabe á land í þeim túr, en ári seinna kom hann aftur og settist að hjá Guðmundi Bárðarsyni með þá löngun að verða fiskifræðingur. Haustið 1931 hóf Schwabe ferilinn með því að læra aldursákvörðun á aðalfisktegundum okkar og í samtalinu kvaðst hann minnast þess að dr. Bjarni Sæmundsson hefði ritað um það þá að svo liti út sem Íslendingar væru farnir að veiða of mikið við strendur landsins.

BULLANDI HVER EINS OG SÓLARGEISLI

Þetta haust sá Schwabe í fyrsta sinn laug um vetur. „Sú sjón að standa allt í einu augliti til auglitis við heita laug, bullandi hver um veturinn þar sem ég heimsótti Syðri-Reyki, var einn dýrmætasti sólargeisli sem ég hef eignazt. Að sjá lífið í vatninu, gróður og dýr í vin vetrarins, varð til þess að ég ákvað þarna mitt lífsviðfangsefni, vist- og vatnalíffræði.

Upp frá því hóf ég rannsóknir á hverum og laugum, fyrirbærum sem voru ótrufluð af mannlífinu og slíkar rannsóknir vann ég við í Chile, Japan og víðar. Á stríðsárunum var Schwabe í Japan og allt í einu var hann talinn þýzkur njósnari án þess þó að hann væri á nokkurn hátt tengdur slíku. Þótti hann grunsamlegur vegna þess hve hann var algjörlega ópólitískur og var sendur til Þýzkalands og þaðan átti að senda hann til Rússlands. Þá tók hann sig til og réð sig á hákarlaskip og komst þannig til Íslands. Hér fékk hann síðan vegabréf og hefur ávallt haldið tengslunum við landið. „Ísland er aðalpunkturinn í lífi mínu og mér finnst ég alltaf eiga heima hér. Ísland varð þáttur í lífi mínu fyrir tilviljun, en hér og í Japan hefur mér þótt bezt að búa, enda margt líkt með fólki þessara eyja, og þó er bezt að búa á Íslandi og enn er ég skotinn í landinu.“

Schwabe kynntist Weber 1957 í vinnu að umhverfisvernd, en þegar við gengum um sali Kjarvalsstaða að skoða myndir Webers hafði Schwabe orð á því, að listamaðurinn gæti sagt Íslendingum ýmislegt og hins vegar gæti Weber lært og dregið ályktanir af mörgu sem Íslendingar gera til verndar umhverfinu. „Það er mikill munur á Íslandi og öðrum þjóðum í þessum efnum,“ sagði Schwabe, „það getur enginn Íslendingur trúað því hve margir erfiðleikar eru í þéttbýli meginlandsins.“

DÁLÆTI Á SÉRVITRINGUM

Weber er maður manneskjunnar og kemur það fram í mörgum þáttum myndgerðar hans. Hann hefur dálæti á sérvitringum og þeim sem láta ekki setja sig á alhyggjufæribandið. Það má nefna myndir eins og síðasta sérvitringinn (1944), í miðri eyðileggingu stríðsáranna lifir maður í garði sínum í friði og ró með kýr og býflugnabú, en þarna er Weber að leggja á það áherzlu að það gildir eins fyrir einstakling og þjóð að halda sínum stíl.

MYNDIR MEÐ MÖGULEIKA

Mynd af ríðandi manni á fáki um loftin blá, sprenging kjarnorkunnar þar sem menn eru að reyna að snúa við á fluginu.

Mynd af rökræðum, hópi fólks á báti sem talar svo mikið um hégómann, að það gætir ekki að því að báturinn er að sökkva.

Mynd af innrás Rússa í Prag 21. ágúst 1968, myndin vor í Prag þar sem rottur sjást vera að narta í Dubchek.

Myndin hamarshögg þar sem verið er að drepa niður einstaklingsframtakið, troða því ofan í líkkistu.

Mynd af Efnahagsbandalaginu þar sem allt er í kös og ruglingi og



Sendiherrann.



Bókamaðurinn.